

Fyrirspurn

til innanríkisráðherra um innheimtu dómsekta.

Frá Brynhildi Pétursdóttur.

1. Tekur ráðherra undir sjónarmið í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá október 2012, *Skýrsla um eftirfylgni: Eftirlit með innheimtu sekta og sakarkostnaðar (2009)*, um að bæta þurfi núverandi kerfi við innheimtu dómsekta?
2. Hvernig hyggst ráðherra fylgja eftir þeim ábendingum sem koma fram í skýrslunni?
3. Hvað líður heildarendurskoðun laga um fullnustu refsinga, nr. 49/2005?
4. Telur ráðherra eðlilegt að hægt sé að fullnusta fésektir vegna skattalagabrota með samfélagsþjónustu?

Skriflegt svar óskast.